

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 09/2014.

Reykjavík, 10.11.2014

2014100290

Efni: Innköllun á Fireball Cinnamon viskí.

Haugen-Gruppen ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla frá neytendum Fireball Cinnamon viskí. Í ljós hefur komið að flöskur sem ætlaðar eru norður-amerískum markaði hafa farið í dreifingu hér á landi. Varan inniheldur 5,8 g/l af propylene glycol (E 1520) en skv. reglugerð (EB) nr. 1130/2011 er leyfilegt hámark efnisins í tilteknum drykkjarvörum á evrópskum markaði 1 g/l.

Þeir viðskiptavinir sem hafa Fireball Cinnamon viskí undir höndum geta snúið sér til næstu verslunar ÁTVR og fengið hana endurgreidda. Innflytjandi vörunnar er Haugen-Gruppen ehf., Skútuvogi 1f, Reykjavík. Starfsmenn Haugen-Gruppen ehf. veita nánari upplýsingar um innköllunina í síma 580 3800.

